

# Covid-10 – markmið og tilgangur Árborgar með aðgerðum

## Markmið og tilgangur

1. Að halda uppi mikilvægri þjónustu og rekstri, eins vel og lengi og frekast er unnt
2. Að tryggja öryggi íbúa og setja þá ekki í hættu vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis
3. Að veita nægilega vernd starfsfólki og íbúum sem gætu verið í hættu ef þeir sýkjast

## Viðbrögð - önnur en sóttgreinsun og hreinlæti

- **Mikilvægast er snerta ekki andlit, utan heimilis, nema sóttgreinsun sé tryggð!**  
Þetta er því mikilvægara sem viðkomandi einstaklingur gegnir mikilvægara hlutverki eða er viðkvæmari fyrir sýkingu.
- **Næst mikilvægast er að takmarka návígi við annað fólk utan heimilis.**  
Halda 1-2 metra fjarlægð, handfjatla sem minnst sömu hluti, o.þ.h. Draga úr fundarhöldum, nema fjarfundum. Fækka samskiptum nema stafrænum eða símtölum.
- **Mikilvægt er að kynna sér 4.-5. kafla Viðbragðsáætlunar Árborgar við alvarlegum faraldri**

## Órofin þjónusta og rekstur

### 1. Þjónusta sem ekki má falla niður

Störf sem tryggja innviði samfélagsins og viðbrögð sveitarfélagsins við neyðarástandi. Störfin kalla á vettvangsvinnu og/eða verða ekki leyst í fjarvinnslu. Tryggja þarf varamenn og hugsanlega aðkeypta þjónustu.

### 2. Þjónusta sem mikilvægt er að haldist sem lengst

Skólar, bókasöfn, íþróttamannvirki og annað sem stuðlar að góðu samfélagi, vellíðan og öryggi og tryggir að sem eðlilegastur gangur sé í samfélaginu.

### 3. Þjónusta sem hægt er fella niður um tíma eða breyta

Þjónusta sem hægt er að veita í síma, stafrænt, eða af öðrum. Til dæmis móttaka fólks t.d. í þjónustuveri eða önnur bein samskipti sem hægt er að hafa í síma. Skoða þarf færar varaleiðir og tryggja þær, s.s. þjónustu einkarekinna símavera, hugbúnaðarfyrirtækja eða þess háttar.

## Mjög viðkvæm störf

Starfsmenn sem sinna þjónustu í 1. flokki. Fólk í sömu störfum má alls ekki falla allt út á sama tíma. Takmarka þarf samskipti slíkra hópa og líkur á að allir fari samtímis í sóttkví.

## Viðkvæm störf

Starfsmenn sem sinna þjónustu í 2. flokki eru mikilvægir samfélaginu. Sérstaklega er áriðandi að sem fæstir leik- og grunnskólakennarar lendi samtímis í sóttkví, til að halda skólum gangandi í lengstu lög.

## Lykilstarfsmenn

Nauðsynlegir starfsmenn til að rekstur gangi. Geta e.t.v. sinnt störfum í sóttkví. Ef þeir detta úr leik vegna veikinda þarf að hugsa fyrir varamanni eða þjónustufyrirtæki til að hlaupa í skarðið.

## Viðkvæmir starfsmenn

Fólk sem viðkvæmt gæti verið fyrir Covid-19 sýkingu. Þessir starfsmenn eru beðnir að ráðfæra sig við yfirmann og/eða viðbragðsstjórn Árborgar. Líkur á alvarlegum sjúkdómi hækka með aldri og undir 50 ára aldri eru þær litlar. Einstaklingar með ákveðin undirliggjandi vandamál eru einnig í aukinni hættu á alvarlegri sýkingu þó ekki sé vitað hve mikið áhættan eykst. Þau vandamál sem sýnt er að hafa einhver áhrif eru hár blóðþrýstingur eða hjartasjúkdómar, sykursýki, langvinn lungnateppa, langvinn nýrnabilun og krabbamein.